



Varðar: Skildinganes 50 – framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram umsókn Meistaralagna ehf., dags. 8. júní 2023, um framkvæmdaleyfi vegna breytingar á lögn við lóð nr. 50 við Skildinganes. Einnig eru lagðar fram yfirlitsmyndir og loftmynd.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Úr gildandi deiliskipulagi



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóð nr. 50 við Skildinganes staðsett í borgarhluta 1 Vesturbæ og tilheyrir íbúðarbyggð, ÍB7 Skerjafirði. Svæðið neðan lóðarinnar, að ströndinni, er skilgreint sem strandsvæði, ST3 Skildinganes strandsvæði.

Deiliskipulag: Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag, Skildinganes, samþykkt 24. febrúar 2004 með síðari breytingum.

Lýsing á framkvæmd

Verkið felur í sér breytingu á lögn við Skildinganes 50, að aftengja fráveitutengingu og leggja nýja að dælubrunni sem staðsettur er sunnan við lóð nr. 52 við Skildinganes. Verkið verður því unnið utan lóðar en mun ná útfyrir lóðamörk við göngustíg sunnan lóðarinnar. Verkefnið er unnið fyrir Veitur ohf., sem eru eigendur lagnarinnar. Í því felst gröftur, lagning lagna og frágangur.

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar en þar segir að breytingar á mannvirkjum stofn-, dreifi- og flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta og rafveitna geta verið háðar framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin telst umfangsmikil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og gesti strandstígs en mun bæta fráveitu lóðar nr. 50 við Skildinganes. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á ásjón svæðisins til lengri tíma.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður ca. tvær vikur og gefur hafist þegar framkvæmdaleyfið hefur verið veitt.

Framkvæmd er ekki í andstöðu við deiliskipulag.



Yfirlitsmynd framkvæmda og aðkoma verktaka

Niðurstaða

Samþykkt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd á lóð nr. 50 við Skildinganes og svæði neðan við lóðamörk, að göngustíg. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og ekki í andstöðu við deiliskipulag.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til eins árs frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir teyfjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að um íbúðarsvæði er að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun og hægt er. Búa þarf til merkingaáætlun vegna framkvæmdarinnar. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess. Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætlun verklok.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri